

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

62

27. nóv.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

63

1. des.

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Ef tveimur eða fleirum ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fáist ekki skipuð hvert í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samantölum launum hinna fyrri umdæma.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

64

1. des.

um heilsuverndarstöðvar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í kaupstað hverjum skal reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu með ráði berklayfirlæknis, sbr. einnig ákvæði 6. gr.

Um skipun og rekstur heilsuverndarstöðvar fer samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er hlutaðeigandi bæjarstjórn og stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags semja, en ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heilsuverndarstöð ber að rækja berklavarnarstarfsemi í umdæmi sínu samkvæmt ákvæðum berklavarnarlaga og nánari fyrirmælum berklayfirlæknis, en aðra

- 64 viðtækari heilsuverndarstarfsemi eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.
 1. des. Nú verður ágreiningur milli bæjarstjórnar og stjórnar sjúkrasamlags um verk-
 svið heilsuverndarstöðvar og önnur ákvæði reglugerðar varðandi skipun hennar eða
 rekstur, og sker þá ráðherra úr ágreiningnum, að fengnum tillögum berklayfirlæknis
 og tryggingayfirlæknis.

3. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi stjórn heilsuverndarstöðvar, og tilnefnir
 hlutaðeigandi bæjarstjórn einn mann í nefndina, stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags
 annan, en ráðherra samkvæmt tillögu berklayfirlæknis hinn þriðja, og er hann for-
 maður nefndarinnar.

Fela má með ákvæðum í reglugerð sjúkrasamlagi eða almennt viðurkenndu
 líknarfélagi rekstur heilsuverndarstöðvar.

Heilsuverndarstöð skal háð sérstöku eftirliti hlutaðeigandi héraðslæknis, nema
 hún sé undir stjórn sérstaks læknis, er ráðherra hefur viðurkennt.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva skiptist að jöfnu á milli hlutaðeig-
 andi bæjarsjóðs, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og rikissjóðs. Ráðherra úrskurðar
 reikninga heilsuverndarstöðva, að fengnu álitu berklayfirlæknis og tryggingayfir-
 læknis.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að staðfesta reglugerð um rekstur heilsuverndarstöðvar í
 sveitarfélagi, þó að ekki sé kaupstaður. Nú er ekki rekið sjúkrasamlag í slíku sveitar-
 félagi, og skal þá sveitarsjóður ábyrgjast greiðslu á tvöföldu framlagi á móti styrk
 rikissjóðs. Um stjórn slíkrar heilsuverndarstöðvar fer eftir hliðstæðum reglum þeim,
 er getur í 3. gr., eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með ráði berklayfirlæknis að heimila, að heilsuverndarstöð
 sveitarfélags taki að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir annað eða önnur sveitarfélög
 fyrir umsamið hæfilegt gjald, og fer um þann kostnað í samræmi við ákvæði 4. og 5. gr.

Í reglugerð má og ákveða, að tvö eða fleiri sveitarfélög sameinist um rekstur
 einnar heilsuverndarstöðvar. Um skipun, rekstur og stjórn slíkrar stöðvar fer í sem
 fyllstu samræmi við ákvæði þessara laga, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglu-
 gerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

Gjört í Reykjavík, 1. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.